

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands



2. tölublað, 4. árgangur

nr. 9

maí 1995

ÍSLENSKAR KVENNARANNSÓKNIR OG MANNRÉTTINDI KVENNA 1995

Auglýst eftir fyrirlestrum

Á komandi hausti verða tíu ár liðin frá því að fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir var haldin í Odda, Háskóla Íslands. Af því tilefni hefur stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands ákveðið að halda aðra slíka ráðstefnu í haust. Ráðstefnan verður þverfagleg og á að endurspegla stöðu íslenskra kvennarannsóknna árið 1995. Ennfremur hefur verið ákveðið að Mannréttindaskrifstofa Íslands taki þátt í ráðstefnunni með þemað mannréttindi kvenna. Verður ráðstefnan haldin helgina 20.-22. október 1995.

Tillaga hefur komið fram um að hafa ráðstefnuna tvískipta; annars vegar fræðilega fyrirlestra og hins vegar erindi úr kvennabaráttunni.

Ákveðið hefur verið á fundi hjá stofunni að auglýsa eftir tillögum að fyrirlestrum á meðal þeirra sem hafa stundað rannsóknir á sviði kvennafræða og meðal kvennabaráttukvenna. Þær/þeir sem hafa áhuga eru beðnar/ir að senda Rannsóknastofu í kvennafræðum tillögu að fyrirlestri

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir dósent í uppeldis- og menntunarfræði, Kristín Björnsdóttir dósent í hjúkrunarfræði, Helga Kress prófessor í almennri bókmenntafræði, Guðbjörg Jóhannesdóttir stúd.theol., Rannveig Traustadóttir lektor í uppeldis- og menntunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands
Umsjón: Þórunn Sigurðardóttir

á u.þ.b. hálfri til einni blaðsíðu. Einnig óskar stofan eftir uppástungum um sérstök þemu fyrir ráðstefnuna.

Fyrirhugað er að birta fyrirlestra ráðstefnunnar í bók undir yfirskriftinni *Staða íslenskra kvennarannsókna 1995*.

Tillögur skal senda til Rannsóknastofu í kvennafræðum, Sumarhöll, Háskóla Íslands, 101 Reykjavík, fyrir 1. júní 1995.

ALÞJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

- 9.-11. júní 1995 í Helsinki. 18. *Nordiska Sociologkongressen*. Eitt af vinnubemum ráðstefnunnar verður „kynferði, félagslegar breytingar og sjálfmynd“. Uppl. Sirpa Wrede, Sociologiska institutionen, Åbo Akademi, FIN-20500 Åbo, Finland. Sími 358-21-2654327, símbref 358-21-2654808, tölvupóstfang sirpa.wrede@abo.fi
- 15.-16. júní 1995 í Umeå. *Gender and Education*. Málstofa ætluð fræðimönnum og kennurum. Fyrirlesarar koma frá Ástralíu, Kanada, Englandi, Norðurlöndum og Bandaríkjunum. Uppl. Dr. Britt-Marie Berge eða Dr. Else-Marie Staberg, Umeå University, Dept. of Education, S-90187 Umeå. Sími 4690-165000, símbref 4690-166693, tölvup. Britt-Marie.Berger@pedag.univ.se, Else-Marie-Staberg@pedag.univ.se
- 23.-25. júní 1995 í Stirling, Englandi. *Desperately Seeking Sisterhood - Still Changing and Building*. Þemu: 1. Women's Identities, Religious, Ethnic, Regional, "Feminist", National, Sexual. 2. Images of Ourselves and Each Other: Body, Dress and Codes, Representations, Colonial Stereotypes, Wellbeing and Abilities. 3. The Politics of Thinking, Doing Research Methodology, Ethics, Responsibilities, Ownership of Knowledge. 4. Relationships: Family, Friends, Allies, Lovers. 5. Women and Technologies: Communication, Visual, Reproductive. 6. Open Stream. Uppl. Millson Henry, Dept. of Applied Sciences, University of Stirling, Stirling FK9 4LA. Sími 44 786 46 703. Tölvup. CTIsoc@uk.ac.stirling.forth
- 24.-28. júní 1995 í Bergen. *Political Dimensions of Mathematics Education*. Eitt af aðalþemum ráðstefnunnar verður gender/race/class. Uppl. Stieg Mellin-Olsen eða Kari Vik, Institutt for praktisk pedagogik, Universitet i Bergen, N-5020 Bergen. Sími 47 5554 4830. Símbref 47 5554 4852. Tölvup. mellin-olsen@psych.uib.no
- 27.-30. júní 1995 í Portoroz í Slóveníu. *Gender and Mass Media*. Ráðstefnan fjallar um Austur Evrópu. Uppl. Liesebet van Zoonen og Marjan de Bruin, c/o Dept. of Communication, University of Amsterdam, Oude Hoogstraat 24, 1012 CE Amsterdam, The Netherlands. Símbref 31 20 5252179.
27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. Á heimsþingi sagnfræðinga, sem haldið verður í Montréal sumarið 1995, verður m.a. á dagskrá þemað *Konur, karlar og söguleg þróun: sýnishorn af áhrifum kynferðissögu* (hlutur kynferðis og sambands kynjanna í

mikilvægustu umskiptum í sögu stjórn mála, samfélaga og trúarbragða). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna fást hjá Inga Sigurðssyni prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands.

27. ágúst - 3. september 1995 í Montréal í Kanada. Mini-conference *Women, Colonialisms, Imperialisms and Nationalisms through the Ages*. Upplýsingar: Ruth Roach Pierson, Ontario Institute for Studies in Education, 252 Bloor Street West, Toronto, Ontario M5S 1V6, Canada. Sími 1-416-9236641, símbref 9264725.
- 17.-21. ágúst 1995 í Oulu í Finnlandi. *Femina Borealis - Women and Development in the North*. Ráðstefnan fjallar um líf kvenna við Barentshaf. Uppl. Femina Borealis-Conference, Dept. of the Information Studies and Sociology, Oulu University, P.O. Box 111, FIN-90571 Oulu, Finland. Tölvup. asaarine@hermes oulu.fi
- 16.-30. ágúst 1995 í Öðinsvéum. *Gender, Body, Subject-Other*. Feminism in Science and Cultural Studies from a Multi-cultural and Interdisciplinary Perspective. International Ph.D.-course. Uppl. Dept. of Feminist Studies, Odense University, Campusvej 55, DK-5230 Odense M, Denmark. Sími 45-66158600. Símbref 45-66157892.
- 2.-6. september 1995 í Udevalla, Svíþjóð. *Anniversary Conference: Mary Woolstonecraft in Sweden 1795-1995*. Alþjóðleg þverfagleg ráðstefna á vegum háskólanna í Gautaborg, Stokkhólmi og Uppsöllum. Þemu eru m.a.: Romanticism & Gender; Wollstonecraft in Feminist Thought; Revolution: Women and Gender; Travel Writing: Social and Economic History of the Swedish West Coast in the 18th and 19th Centuries. Uppl.: Ulla Wikander, Sandhamnsg. 10(8), S-115 40 Stockholm eða Catherine Sandbach-Dahlström, Engelska inst., Stockholms universitet, S-106 91 Stockholm. Símbref 46 8 159667.
- 3.-8. september 1995 í Osló. *20th Annual Conference ATEE*. (Association for Teacher Education in Europe). „The main focus of the conference is to present and discuss the conditions for equity in the educational system, and the role of teacher education in this context.“ Uppl.: Oslo College, ATEE conference, Dept. of Teacher Education, Wergelandsveien 27, N-0167 Oslo. Sími 47 22452000, símbref 47 22 45 2005.
- 4.-15. september 1995 í Peking. *Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna*. Sjá umfjöllun annars staðar í fréttabréfinu.
- 20.-23. september 1995 í Vín. *7th Symposium of the International Association of Women Philosophers*. Þema ráðstefnunnar er "The War". Upplýsingar: "IAPh Symposium", Institute for Science and Art, Berggasse 17, A-1090 Vienna, Austria. Sími/símbref 43 1 34 43 42.
30. október - 4. nóvember 1995 í Þýskalandi. *European Forum: Women-Technology-Environment*. Uppl. Christiane Delfs, Bandwikerstr. 28-30, D-22041 Hamburg, Deutschland. Sími 40-6522682. Tölvupóstur Ulrike_Roehr@Fem-F.rhein-main.de
- 4.-7. janúar 1996 í El Paso, Texas. *Women in Higher Education. 9th Annual International Conference*. Umræðuefni verður m.a.

- „Women in International Education“, „Multicultural Women's Studies“, „Non-Traditional and Women's Studies Issues“, „Equity Issues“, „Women in their disciplines“, „Women's Roles in Higher Education“, „Career Mobility“, „Minority Women in Higher Education“, „Support Systems for Women in Higher Education“. Þeir sem áhuga hafa á þátttöku skulu senda útdrátt (50 orð) fyrir 1. september 1995 til Director, Women's Studies Program, University of Texas at El Paso, 500 West University, El Paso, Texas 79968, USA. Fyrirlestrarnir verða gefnir út í ráðstefnuriti.
- 5.-10. janúar 1996 í Ahmedabad á Indlandi. *The 8th International Gender and Science and Technology Conference (GASAT-8)*. Uppl.: GASAT 8 Secretariat, SATWAC Foundation, A1/22 Amrapali, Sukhipura, New Shardamandir Road, Paldi, Ahmedabad-380 007 India. Sími 91 79 428991, símbref 91 79 416941 eða Kirsten Grønæk-Hansen, Center for Kvindeforskning, Københavns Universitet, Njalsgade 80, DK-2300 København. Sími 45 35 328840 og símbref 45 35 328377.
- 2.-4. febrúar 1996 í Bowling Green, Ohio, Bandaríkjunum. *Feminist Generations. An Interdisciplinary, All-Ages Conference*. Ungir fræðimenn og óháðir eru hvattir jafnt og háskólakennarar til að taka þátt í ráðstefnunni. Dæmi um umræðuefni: „Interrogating the meanings of the terms and the experiences of "first", "second", and "third"-wave feminisms/feminists“. „Exploring and contrasting the evolutions and experiences of international feminisms.“ „Interpreting the bodies of feminist politics, arts, expressions and works through the "feminist generations" of the past and present.“ „Exploring the challenges posed by a culture increasingly defined as "post-feminist". Lýsing á fyrirlestri eða verkefni í ca. 250 orðum þarf að berast fyrir 2. október 1995. Uppl.: Feminist Generations, Women's Studies Program, Bowling Green State University, Bowling Green, OH 43403, USA. Sími: 419 372-7133. Tölvup.: femgen@bgnet.bgsu.edu
- 18.-20. apríl 1996 í Barcelona á Spáni. *Women, Work, Health*. Alþjóðleg ráðstefna um þemað „Enjoying health, making the difference visible.“ Uppl.: Sekretaria: DONA, SALUT I QUALITAT DE VIDA, Aribau, 209, 1-08021 Barcelona, Spain. Sími +343-3226554 og símbref +343-4109742.
- 22.-26. apríl 1996 í Adelaide, Ástralíu. *The 6th International Interdisciplinary Congress on Women*. Helstu þemu: Global Restructuring—work, population movements, refugees, sex tourism, technologies, markets and the states, growing food, trade and aid, Women's Studies, Making Feminist Politics, Health and Sexuality—AIDS, new reproductive technologies, bodies and markets and bodily alterations, After Cairo, Copenhagen and Beijing, Sustainable Development, Community Education, Indigenous Peoples, Cultural representations. Uppl.: the Conference Secretariat, Festival City Conventions, P.O. Box 986, Kent Town, South Australia 5071. Sími 61-8 363 1307. Símbref

61-8 363 1604. Þeir sem hafa áhuga á þátttöku skulu senda 250 orða útdrátt fyrir 30. júní 1995.

- 8.-12. ágúst 1996 í Osló. *Fimmta norræna kvennasögubíngið*. Megin-temu: 1. AÐHLYNNING OG VELFERÐ—HUGSJÓNIR OG VERULEIKI. Á þessari öld hefur hið opinbera tekið æ meiri þátt í aðhlynningu barna, sjúkra og aldraðra. Fjöldi kvenna vinnur við stofnanir sem þessu tengjast. Mörkin milli ábyrgðar hins opinbera og einstaklinga hafa sveiflast til og frá. Skilgreinum þær nánar ásamt breytingum á merkingu hugtakanna: aðhlyning, móðurhlutverk, föðurhlutverk, skipting ábyrgðar milli einstaklinga og samfélags/ríkis. 2. VALD, RÍKI, KYNFERÐI. Staða kvenna hefur ekki verið sú sama í lénsveldi, feðraveldi og velferðarríki. Hafa völd kvenna aukist eða minnkað með síauknu skrifræði sérfræðinga? Þrengir sterkt ríkisvald kosti kvenna? 3. TILLÖGUR UM FRJÁLS TEMU: - Ævisögur (einnig aðferðafræði) - Menntun/tilurð og miðlun fróðleiks - Konur 17. og 18. aldar. Drög að erindum/greinargerðum, ein blaðsíða að lengd, sem og fleiri hugmyndir um frjáls temu óskast sem fyrst og eigi síðar en 1. júní 1995. Skilafrestur endanlegra handrita er 1. mars 1996. Nánari upplýsingar fást á Rannsóknastofu í kvennafræðum (s. 5254595) og hjá Ólöfu Garðarsdóttur sagnfræðingi, sem er tengiliður af Íslands hálfu (s. 5254416).
- 7.-9. september 1996 í Bandaríkjunum. *The 10th Berkshire Conference on the History of Women, Complicating Categories: Women, Gender, and Difference*. Uppl.: Evelyn Brooks Higginbotham, Afro-American Studies Dept., Harvard University, 1430 Massachusetts Ave., Cambridge, MA 02138 USA eða Merry Wiesner-Hanks, Center for Women's Studies, University of Wisconsin-Milwaukee, P.O.Box 413, Milwaukee, WI 53201, USA.

NÁMSKEIÐ Í ENSKRI TUNGU OG KVENNAFRÆÐUM

English Language and Women's Studies 1995 International Programme for Women. Þetta er í annað sinn sem þetta sumarnámskeið er haldið við Hillcroft College í Englandi. Námskeiðið er haldið fjórum sinnum í sumar: 3.-7. apríl, 10.-14. júlí, 17.-21. júlí og 21.-25. ágúst. Uppl.: Joyce Deere, Hillcroft College, South Bank, Surbiton, Surrey, England KT6 6DF. Sími 0181 399 2688. Símbref 0181 390 9171.

HIÐ ERÓTÍSKA Í LJÓÐUM EFTIR KONUR

Tímaritið *GRAMMA. Journal of Theory and Criticism* sem gefið er út í Grikklandi hefur auglýst eftir greinum um eróttík í ljóðum eftir konur. Fjórða hefti tímaritsins, sem kemur út á árinu 1996, verður helgað þessu efni. Greinarnar mega vera hvort sem er á ensku eða grísku. Lengdin má

ekki fara yfir 7000 orð. Greinarnar þurfa að berast bæði á tölvudiski (Word 4.0 Apple Macintosh) og í tvíriti. Einnig er krafist útdráttar. Síðasti skiladagur er 31. október 1995. Viðtakandi er: E. Douka-Kabitolou, Dept. of English, School of Philosophy, Aristotle University, 540 06 Thessaloniki, Greece.

KONUR OG FÁTÆKT

Námskeið sem ber yfirskriftina „Kvinnur og fattigdom—fattigdommens feminisering“ verður haldið í Oslo 9. júní 1995. Námskeiðið er á vegum norsku UNESCO-nefndarinnar og Samanburðarrannsóknna á fátækt (CROP) við Chr. Michelsensstofnunina í Bergenarháskóla. Námskeiðið verður haldið í Ingeniørens Hus, Kronprinsensgt. 17, Oslo. Uppl.: Den norske nasjonalkommisjon for UNESCO, Boks 1507 Vika, 0117 Oslo.

Eftirfarandi fyrirlestrar verða haldnir á námskeiðinu: Aina Schiøtz: „Norsk fattigdomshistorie i et kvinneperspektiv: de store omveltningene i forrige århundre.“ Else Øyen: „Det globale bildet av feminisert fattigdom: dagens trender.“ Rosina Wiltshire: „Coping with poverty: households, communities and states.“ Vigdis Broch Due: „Vår samfunnsfaglige forståelse av fattigdom og kvinners kår.“ Karin Stoltenberg: „Linjen fra Cairo og København til Beijing—utfordringene og mulighetene.“

NORA. *Nordic Journal of Women's Studies*

Fjórða hefti *Nóru* kom út með vorinu. Því eru eftirtaldir greinar: 1) Sara Heinämaa, „The rhetoric of positioning in women's studies“. 2) Vappu Tyyska, „Women Facing the state: childcare policy processes in Canada and Finland, 1960-90“. 3) Karen Klitgaard Povlsen, „Between body and text“. 4) Carol Hanbery MacKay, „Lines of confluence in Fredrika Bremer and Charlotte Brontë.“

Nóra er norrænt tímarit sem gefið er út á ensku til að kynna norrænar kvennarannsóknir í hinum enskumælandi heimi. Lesendur fréttabréfsins eru hvattir til að gerast áskrifendur að *Nóru* og vinna henni þannig brautargengi.

Ennþá hefur engin grein birst eftir íslenskan fræðimann í *Nóru*. Lesendur fréttabréfsins eru eindregið hvattir til að senda greinar þangað til birtingar. *Nóra* er ritrýnt tímarit og er gefin út fjórum sinnum á ári. Greinar skal senda á eftirfarandi heimilisfang: NORA, Center for Women's Research, University of Oslo, PO Box 1040, Blindern, 0315 Oslo.

RÁÐSTEFNA UM MÁLEFNI KVENNA Í PEKING

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna verður haldin dagana 4.-15. september í Peking, næstíðust í röð leiðtogafunda og ráðstefna sem Sp hafa efnt til á undanförmum árum. Nú þegar hafa verið haldnir leiðtogafundir um málefni barna og félagslega þróun og heimsráðstefnur um umhverfi og þróun, mannfjölda og þróun og um mannréttindi. Framundan er heimsráðstefna um búsetu sem væntanlega verður haldin á næsta ári. Jafnframt því að vera hluti af þessari úttekt Sp er ráðstefnan um málefni kvenna fjórða ráðstefna Sp um þann málaflokk. Hinar fyrri voru haldnar í Mexíkó árið 1975, í Kaupmannahöfn árið 1980 og í Nairóbí árið 1985.

Eins og á fyrri ráðstefnum Sp um málefni kvenna eru einkunnarorðin: jafnrétti, þróun og friður, en með þeirri breytingu þó að nú hefur verið lögð áhersla á að fögur orð og fyrirheit nægi konum ekki, aðgerða sé þörf, „Aðgerðir til að auka jafnrétti, þróun og frið“ er því yfirskrift ráðstefnunnar í ár. Allur undirbúningur ráðstefnunnar hefur borið þess merki að full alvara búi að baki þessum áherslum.

Framkvæmdaáætlunin sem borin verður upp til samþykkis á ráðstefnunni er skýrasta dæmið um það. Í henni eru lagðar til ákveðnar aðgerðir og kemur skýrt fram hverjum beri að framfylgja þeim og hver sé tilgangurinn hverju sinni. Skilgreindir eru tólf mikilvægir málaflokkar, þar á meðal: aukin fátækt kvenna, ofbeldi gegn konum, styrjalda-ástand og áhrif þess á líf kvenna og stúlkna, menntamál, heilbrigðismál, hlutverk kvenna í efnahags- og atvinnulífi, valdaleyfi kvenna, mannréttindi kvenna, afskiptaleyfi fjölmiðla um stöðu og réttindi kvenna og réttindi stúlkubarna.

Ásteytningarsteinar í umfjölluninni um framkvæmdaáætlunina hafa verið margir og langur vegur er frá því að hún sé fullfrágengin og ágreiningslaus. Allt að þriðjungur hennar er enn innan sviga, sem merkir að ekki hafi náðst samkomulag um orðalag eða efni. Þrátt fyrir það er hún dýrmætur sjóður að sækja í hugmyndir um aðgerðir til þess að rétta hlut kvenna, bæði hér á landi sem annars staðar í heiminum.

Samhliða opinberu ráðstefnunni verður haldinn fundur félagasamtaka sem standa mun yfir frá 30. ágúst til 8. september.

Á ráðstefnunni og á fundinum munu koma saman konur, og einstaka karlar, alls staðar að úr heiminum til að bera saman bækur sínar og læra hver af annarri. Við sem komnar erum nokkuð áleiðis í réttindabaráttu kvenna getum aðstoðað kynsystur okkar sem búa við skertari kost og eins getum við lært af þeim sem betur eru settar. Á samkomum sem þessum teygist úr tímanum, á einum stað og á einni stundu er hægt að lesa fortíð og framtíð og þá sést að nokkuð hefur miðað í réttindabaráttunni og einnig að betur má gera.

Ráðstefnan er lokaátakið í löngum og viðamiklum undirbúningi en um leið upphaf aðgerða til handa konum um allan heim. Íslenski undirbúningurinn vegna ráðstefnunnar fór fremur hægt og seint af stað og nokkur hætta er á því að hann verði endasleppur ef við höldum ekki vöku okkar og vinnum saman að því að gera orð að athöfnum að ráðstefnunni lokinni.

Sigríður Lillý Baldursdóttir, formaður undirbúningsnefndar

ÚTGÁFUR UNDIRBÚNINGSNEFNDARINNAR

Undirbúningsnefnd Pekingráðstefnunnar hefur gefið út nokkra bæklinga sem fást ókeypis í utanríkisráðuneytinu. Þeir eru *Réttindi og staða kvenna á Íslandi*, *Gender Equality in Iceland* og *Mannréttindi kvenna*. Ennfremur er hægt innan tíðar að fá drög að framkvæmdaáætluninni sem Sigríður Lillý segir frá hér að ofan.

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhöll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Sími 525 45 95
Símbref 55 2 88 01